

UPPLÝSINGATÆKNI OG UPPPLÝSINGAÖRYGGISSTEFNA

Úrvinnslusjóður skapar hagræna hvata sem stuðla að hringrásarhagkerfi, með áherslu á verðmætasköpun og umbreytingu úrgangs í hráefni. Meginverkefni sjóðsins er að draga úr sóun með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnotkun, sem og að stuðla að bættri meðhöndlun úrgangs með endurvinnslu og annarri endurnýtingu.

Gildi sjóðsins eru framþróun, samvinna og gæði.

Upplýsingatækni- og upplýsingaöryggisstefnan hefur það markmið að tryggja réttleika, tiltækileika og viðeigandi leynd gagna og upplýsinga í vörslu Úrvinnslusjóðs, ásamt því að stuðla að hlítinu við lög og reglugerðir sem varða meðhöndlun upplýsinga, stuðla að rekstrarsamfellu og lágmarka rekstraráhættu á sviði upplýsingatækni.

Stefnan tekur til upplýsingakerfa og annarra tækniinnviða sem notuð eru í starfsemi Úrvinnslusjóðs, krafna til starfsfólks og þjónustuveitenda á sviði upplýsingatækni og raunlægs öryggis sjóðsins.

Stefna:

- Upplýsingatækni er hagnýtt til að afla gagna og miðla þeim í samræmi við þarfir starfseminnar, á öruggan og hagkvæman hátt. Notast er við skýjalausnir við vinnslu og varðveislu gagna.
- Úrvinnslusjóður nýtir sambland af hillulausnum, sérsníðri birgja og eigin smíði upplýsingatæknilausna í starfsemi sinni.
- Leitast er við að velja birgja sem vinna í samræmi við gæðastaðla og eru aðilar að rammisamningi ríkisins.
- Tryggja skal eins og hægt er samfelldan rekstur upplýsingakerfa Úrvinnslusjóðs.
- Upplýsingar eru varðar trúnaði, vernd gegn skemmdum og eyðingu, uppljóstrun til óviðkomandi sem og ósamþykktum breytingum og flutningi upplýsinga.
- Aðgangsheimildum er stýrt á formlegan og rekjanlegan hátt og þær yfirfarnar reglulega.
- Stuðlað er að virkri öryggisvitund starfsmanna og fræðsla tryggð eins og við á.
- Raunlægt öryggi er tryggt með öryggiskerfi, aðgangsstýringum að húsnæði sjóðsins ásamt gerð og eftirfylgni verklagsreglna.
- Reglulega eru gerðar innri úttektir til að meta stýringar og öryggi. Úttektir byggjast á áhættumati.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á upplýsingaöryggi Úrvinnslusjóðs. Til að tryggja að stefnan nái fram að ganga skal gera aðgerðaráætlun til tveggja ára í senn. Verkefnastjóri stafrænnar þróunar ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni áætlunarinnar. Starfsmenn, sem og aðilar sem koma að þjónustu við skrifstofu Úrvinnslusjóðs eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar, gögn og kerfi í samræmi við stefnu þessa.

Stefnan skal yfirfarin og endurskoðuð á tveggja ára fresti eða oftár ef aðstæður krefjast.

Samþykkt af stjórn Úrvinnslusjóðs 18. desember 2024